

MINNISBLAÐ

SKJALALYKILL

2509-505-24-MIN-004-V01

DAGS.

06.11.2019

SENDANDI

Pórir Þórisson

VERKHEITI

Hólasandslína 3 – Þverun Eyjafjarðarár

VERKKAUPI

Landsnet

DREIFING

Friðrika Marteinsdóttir (Landsnet)

MÁLEFNI

Lysing á þverun V-kvísl Eyjafjarðarár

Inngangur


Landsnet fyrirhugar lagningu ídráttarröra fyrir tvö 220 kV jarðstrengjasett í Akureyrarbæ, nánar tiltekið í og undir vestustu kvísl Eyjafjarðarár við syðri enda flugvallar. Um er að ræða undirbúning fyrir lagningu Hólasandslínu 3 (HS3), en í heild verða rörabúntin 2x170m. Verkið verður unnið samhliða byggingu brúar sem Akureyrarbær mun byggja rétt norðan þessarar þverunar.

Áætlað er að bjóða verkið út samhliða og með byggingu brúarinnar og myndu framkvæmdir hefjast næstkomandi vetur og ljúka í maí. Framkvæmd röralagnarinnar sjálfrar tekur um hálfan mánuð og fer fram nálægt verklokum við byggingu brúarinnar eða í lok apríl 2020.

Verklagið verður að öllum líkindum þannig að gerður verður varnargarður til að takmarka rennsli meðan á vinnu stendur, bæði við brúarsmíði og lagningu röranna. Þegar búið er að leggja stíg beggja vegna að og byggja brúna er hægt að grafa skurðina fyrir rörin og leggja þau í. Efni úr varnargarðinum er nýtt í grjótvörn yfir rörin og restin í varnir við bakka og brú. Frágangur yfirborðs við brú og röralagnir vinnst samtímis.

Samlegð þessara verka felst fyrst og fremst í að nýta tækifærið meðan rennsli er hindrað meðan verið er byggja brú og að grafa og leggja rör, ásamt því að sú fylling nýtist að hluta við brúna í stað þessa að hún sé fjarlægð af svæðinu. Þá nýtast grjótvörnir að hluta sameiginlega og slóðin er nauðsynleg fyrir síðari aðkomu Landsnets við lagningu strengja. Með þessu er einnig komið í veg fyrir að leggja viðkvæmt svæðið við ána tvisvar undir þverunarverkefni og hægt verður að draga strengina í gegn án viðbótar röskunar á þessari kvísl. Þá felst líka samlegð í sameiginlegri aðstöðusköpun.

Samhliða framkvæmdaleyfisumsókn verður sótt um leyfi til til Fiskistofu.



MYND 1 Yfirlitskort. Þverun vestustu kvíslar Eyjafjarðarár, ídráttarrör fyrir jarðstrengi HS3.